



Fréttabréf Stjórnar
2019
Landvarðafélag Íslands

Stjórn 2019-2020




Aðalfundur félagsins fór fram þann 3.apríl á Restaurant Reykjavík. Á dagskrá voru almenn aðalfundarstörf þ.m.t. umræður frá fundargestum og kosning í stjórn. Einnig var fyrirlestur um skipulag og umhverfismál í Reykjavík.Á fundinum var Anna Þorsteinsdóttir kosinn formaður og kemur ný inní stjórn ásamt Nínu Aradóttur og Valdimari Kristjánssyni. Stefanía Ragnarsdóttir og Sævar Þór Halldórsson sitja áfram. **Stjórn Landvarðafélgsins vill þakka fyrrum stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf seinustu ár.**

[Nánar um núverandi stjórn og nefndir hér](#)

Landvarðasumarið 2019

Sumarið byrjaði óvenju snemma hjá starfandi landvörðum og því miður komust ekki allir landverðir til starfa áður en var opnað fyrir umferð inná svæðin. Stjórn Landvarðafélagsins mun koma ábendingu til stjórnvalda að gera þurfi ráð fyrir góðu vori í fjármagni ríkisins til landvörslu. Það sást vel á geðslagi höfuðborgarbúa að sumarið var bjartara og betra en sumarið í fyrra. Blíðskaparveður ríkti í nánast allt sumar á suðvestur hluta landsins og náði oft yfir allt landið. Það reynist stundum landvörðum erfitt að fagna veðurbliðunni, þeim fylgdu langvarandi þurrkar og var því mikil þrá fyrir rigningu bæði náttúrunnar vegna og fyrir andlega heilsu og þrifnað landvarða. Oft litu landverðir meira út eins og námuverkafólk og var lífið orðið heldur grátt vegna þurrka, sands og ösku í augunum. Einnig neyddust landverðir til að nota sólarvörn og derhúfur í staðin fyrir ull og regnföt í meira mæli þetta sumarið. Blíðan var þó ekki ríkjandi allstaðar alltaf og bárust hljóðlátar fréttir um að landverðir norðan Vatnajökuls hafi stundum ekki séð sólina dögum saman og jafnvel fengið snjókomu á miðju sumri.

Svo virðist sem að fleiri Íslendingar hafi verið að ferðina þetta sumarið enda blíðan mikil og flugsamviskubitið að hrjá landsmenn. Landverðir á miðju landsins tóku aftur á móti eftir nýjum hópi ferðamanna, þessir ferðamenn hafa hlotið vinnuheitið „malbiks Íslendingar“. Umræddur hópur ferðamanna var ekki til vandræða heldur fyrst og fremst áhugaverðir og örliðið villtir stundum. Þeir eru þó opnir fyrir upplýsingum og þjónustu en hefðu stundum mátt heimsækja hinar mörgu gestastofur og upplýsingamiðstöðvar áður en haldið var þvert yfir landið. Þeir eru mega þó eiga það að þeir eru almennt á betri bílum en hin almenni, villti erlendi ferðamaður.



#landverdir

Landvarðasumarið 2019



#landverdir

Eins og venjulega var mikið um allskonar uppákomur í sumar. Margar þess eðlis að landverðir hristu höfuðið en seinna var hægt að brosa yfir hlutunum. Landvörður í Laka eyddi til dæmis mörgum klukkustundum af þolinmæði í að reyna að fá heitt vatn, þar til að hún komst að því að það ætti eftir að skrúfa frá einum krana. Yfirleitt voru uppákomurnar þó þannig að eitthverjir aðrir komu landvörðum í aðstæðurnar. Eins og þegar landvörður var sendur í 40 mín. útúrdúr fyrir kl. 9:00 til að bjarga manni úr á, sem reyndist einungis í 4 mín fjarlægð frá upphafstað landvarðar. Það þekkja víst ekki allir landið eins vel og landverðir. Í lok sumars var síðan unnið skemmdarverk á gönguleið á Friðlandi að Fjallabaki. Landverðir voru pirraðir en höfðu húmor fyrir fyrra tilfellinu enda finnst landvörðum almennt gaman að hafa afsökun fyrir að njóta dagsins einn með sjálfum sér í gönguferð. En þegar stikur á gönguleið tvö höfðu verið teknar upp þá var landvörðum hægt að vera skemmt. Landvörðum tekst nú líklega seint að skilja alla hegðun ferðamanna.

Eins og venjulega voru einnig miður skemmtileg mál sem komu upp. En að loknu sumri er skemmtilegra að rifja upp það sem gladdi landverði í sumar. Það væri gaman að landverðir myndu rifja upp seinustu mánuði sín á milli og skrifa hjá sér. Á næstu hittingum félagsins munum við leita leiða til að safna þessum sögum. Því miður fór dagbókin góða aldrei af stað þetta sumarið og enda komin tími á að skoða dagbókar fyrirkomulagið aðeins því hún nær ekki á nógu marga staði yfir sumarið, sem og á það til að týnast.

Hautferð Landvarðafélagsins



Laki 28. - 29. september

Nú er komið haust og því styttest í árlega haustferð félagsins. Seinasta haustferð inní Landmannalaugar heppnaðist vel og ekki verður reynt að toppa hana enda á ekki að fara aftur inní Laugar. Að þessu sinni verður stefnt á mesta hamfarasvæði Íslandssögunnar. Um er að ræða nágrenni Skaftárelda og Lakagíga. Lagt verður af stað snemma að morgni laugardags og komið til baka á sunnudagskvöldi. Þar sem um er ræða svæði í yfir 500 metrum yfir sjávarmáli og verður skemmtinefndin því að hafa sveigjanleika á að breyta dagskrá eftir veðri en landverðir þola að sjálfsögðu meira veður en aðrir.

[Nánari upplýsingar um haustferðina má finna á heimasíðu Landvarðafélagsins.hér!](https://www.landvarðafelag.is/)

Nepal og ferðastyrkur



Landvarðafélag Íslands á ferðasjóð þar sem þáttakendur á evrópu- og alþjóðaráðstefnum hafa getað sótt í til móts við kostnað sem fylgir þessum ferðum. Í ár eru 300.000 krónur til úthlutunar og geta þeir landverðir sem eru að fara til Nepals núna í nóvember sótt í þann sjóð, þó getur hver og einn einstaklingur ekki fengið meira en 30.000 krónur og ef heildarupphæðin dugar ekki til að fylla 30.000 krónur fyrir alla, þá fær hver og einn landvörður jafnt hlutfall af heildarupphæðinni.

Á heimasíðu Landvarðafélags Íslands www.landverdir.is er hægt að nálgast frekari upplýsingar sem og sækja um styrkinn.

Dagskrá vetrarins

Stjórn Landvarðafélagsins er búin að funda einu sinni eftir sumarönnina og vinnur þessa dagana að undirbúning að hinum fjölmörgu verkefnum sem unnið verður að og framkvæmd í vetur. Nú þegar er vinnsla myndefnis fyrir kynningarmyndbönd sem tekin voru upp í sumar hafin af samstarfsaðilum þess verkefnis. Einnig er í gangi verkefni um utanvegaakstur. Stjórn stefnir að því að halda málþing eða fund um menntamál landvarða fyrir áramót. Einnig vinna þau að safna saman gagnlegum upplýsingum um landvarðastarfið þetta árið. Í samvinnu við kjaranefnd er að hefjast vinna við að greina stofnanasamningana og þá sérstaklega með mögulega Þjóðagarðastofnun til hliðsjónar. Svo má einnig vænta viðburða á vegum skemmtinefndar og stjórnin er einnig með önnur mál í farveginum. Við hvetjum því alla félagga að fylgjast vel með næstu mánuði. Það er mikið að gerast í málefnum landvarða þessa mánuði enda umhverfismál og náttúrvernd ofarlega í daglegri umræðu íslensks samfélags.

